

S A M Þ Y K K T I R

f y r i r

R í k i s ú t v a r p i ð o h f.

1.0. Heiti félags, heimili og tilgangur.

Félagið er sjálfstætt opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins og var stofnað samkvæmt heimild í lögum um Ríkisútvarpið ohf. nr. 6/2007, sbr. nú lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, nr. 23/2013.

Heiti félagsins er Ríkisútvarpið ohf. Erlent aukaheiti félagsins er The Icelandic National Broadcasting Service.

Heimili félagsins er að Efstaleiti 1, 150 Reykjavík.

Tilgangur félagsins er rekstur hvers konar fjölmiðlaþjónustu í almannapágu og önnur starfsemi, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum nr. 23/2013.

2.0. Hlutir og hlutafé.

2.1. Hlutafé

Hlutafé félagsins er kr. 839.723.000.

2.2. Fjárhæð hluta

Hver hlutur er ein króna að nafnvirði.

2.3. Réttindi hluta og atkvæðavægi

Allir hlutir í félaginu eru jafn rétt háir og njóta óskerts atkvæðisréttar.

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu.

3.0. Meðferð hluta.

Aðilaskipti að hlutum í félaginu, bein og óbein, eru óheimil.

4.0. Réttindi og skyldur hluthafa.

Hluthafi nýtur allra þeirra fjárhagslegu og stjórnunarlegu réttinda sem leiða má af gildandi landslögum og samþykktum þessum.

Hluthafa er skylt að hlíta samþykktum félagsins, bæði þeim sem nú eru og eins þeim sem síðar kunna að vera settar á löglegan hátt.

Hluthafa er eigi skylt að sæta innlaun á hlutum sínum nema félaginu sé slitið, hlutaféð lækkað eða samkvæmt því sem landslög ákveða.

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

5.0. Stjórnkerfi félagsins.

5.1. Hluthafafundir

5.1.1. Almenn

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda, með þeim takmörkunum sem samþykktir þessar og landslög setja.

Hluthafi fer með ákvörðunarvald sitt á hluthafafundum.

5.1.2. Aðalfundur

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok janúarmánaðar ár hvert.

Á aðalfundi skal taka fyrir eftirfarandi mál:

- 1) Stjórn félagsins skal í ársskýrslu skýra frá hag þess og starfsemi á liðnu starfsári, þ.m.t. hvernig tekist hefur að uppfylla lögbundnar skyldur félagsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu. Skal ársskýrslan meðal annars innihalda upplýsingar um þau atriði sem kveðið er á um hverju sinni í samningi félagsins og mennta- og menningarmálaráðherra um fjölmiðlun í almannabágu.
- 2) Endurskoðaður ársreikningur skal lagður fram til staðfestingar.
- 3) Ákveðið skal hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
- 4) Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu hennar varðandi laun og aðrar greiðslur til útvarpsstjóra og annarra æðstu stjórnenda félagsins, svo og stjórnarmanna, skal lögð fram til samþykktar.
- 5) Ákveða skal þóknun stjórnarmanna.
- 6) Stjórn félagsins og endurskoðandi skulu kosin.

- 7) Tilnefnt skal í stjórnir dótturfélaga Ríkisútvarpsins ohf.
- 8) Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni, sem löglega eru upp borin.

5.1.3. Aukafundir

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörinna endurskoðenda eða hluthafa.

5.1.4. Boðun hluthafafunda

Stjórn félagsins annast boðun hluthafafunda.

Hluthafafundir skulu boðaðir bréflega, með símbréfi, auglýsingu í fjölmiðlum eða á jafn sannanlegan hátt.

Aðalfundur skal boðaður með tveggja vikna fyrirvara hið skemmsta en aðra hluthafafundi má boða með einnar viku fyrirvara.

Auk hluthafa skal ætíð boða stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og endurskoðendur félagsins á hluthafafund, svo og fulltrúa fjölmiðla á aðalfund. Jafnframt skal þingmönnum heimilt að sækja aðalfund og er þar heimilt að bera fram skriflegar fyrirspurnir.

Fundarefnis skal getið í fundarboði.

5.2. Félagsstjórn

5.2.1. Skipan o.fl.

Stjórn félagsins skal skipuð níu mönnum og jafnmörgum til vara kjörnum til eins árs í senn á aðalfundi sem haldinn skal fyrir lok janúarmánaðar ár hvert.

Áður en kosið er til stjórnar á aðalfundi skulu níu menn kjörnir hlutbundinni kosningu á Alþingi ásamt jafnmörgum til vara og skulu þeir kosnir í stjórn félagsins.

Starfsmannasamtök Ríkisútvarpsins tilnefna einn mann og annan til vara á löglega boðuðum fundi samtakanna og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt í stjórn.

Tryggja skal að hlutfall hvors kyns í stjórn félagsins sé ekki lægra en 40%. Sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna. Kynjahlutföll í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust.

5.2.2. Hlutverk

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli hluthafafunda.

Stjórn félagsins skal sjá til þess að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi, þ.m.t. að hafa yfirumsjón og eftirlit með rekstri félagsins.

Stjórn félagsins skal í störfum sínum ætíð hafa að leiðarljósi hlutverk og skyldur félagsins eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 23/2013.

Starfssvið stjórnar félagsins nær sérstaklega til eftirfarandi þátta í starfi þess:

- 1) Að móta í samvinnu við útvarpsstjóra dagskrárstefnu og megináherslur í starfi Ríkisútvarpsins til lengri tíma.
- 2) Að staðfesta skipurit fyrir Ríkisútvarpið. Að ráða útvarpsstjóra og leysa hann frá störfum. Er stjórn skylt að auglýsa stöðu útvarpsstjóra opinberlega.
- 3) Að taka ákvarðanir um lán og ábyrgðir vegna Ríkisútvarpsins.
- 4) Að taka meiri háttar ákvarðanir um rekstur Ríkisútvarpsins, þ.e. ákvarðanir sem ekki falla undir daglegan rekstur, ýmist að eigin frumkvæði eða að fengnum tillögum útvarpsstjóra eða annarra starfsmanna.
- 5) Að fylgjast með starfsemi og verkefnum Ríkisútvarpsins. Skal útvarpsstjóri gæta þess að stjórnin sé á hverjum tíma upplýst um helstu þætti í starfsemi Ríkisútvarpsins. Áætlanir sem gerðar eru fyrir hvert ár skulu kynntar í stjórn.
- 6) Að fylgjast með rekstri Ríkisútvarpsins og samþykkja fjárhagsáætlun fyrir hvert starfsár.
- 7) Að gera grein fyrir því í ársskýrslu til aðalfundar hvernig tekist hefur að uppfylla lögbundnar skyldur Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu.

5.2.3. Skyldur stjórnar og stjórnarmanna

Stjórn félagsins og stjórnarmenn skulu ætíð haga störfum sínum innan þeirra marka sem landslög, samþykktir félagsins setja þeim og að ákvæði samnings um fjölmiðlun í almannabágu séu uppfyllt. Það skal ávallt gert með hagsmuni og hluthafa þess að leiðarljósi og í samræmi við góða stjórnarhætti.

Stjórnarmenn skulu forðast hvers kyns hagsmunaárekstra og mega ekki, hvorki beint né óbeint, inna af hendi nokkurt starf, taka við greiðslu eða hafa nokkurra hagsmuna að gæta í öðrum fjölmiðlafyrirtækjum eða fjölmiðlatengdum fyrirtækjum, ef slíkt getur skarast við hagsmuni félagsins.

5.2.4. Skipulag stjórnar

Stjórn félagsins kýs sér formann úr sínum hópi. Að öðru leyti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir.

Formaður stjórnar annast boðun stjórnarfunda.

Stjórn félagsins skal starfa samkvæmt sérstökum starfsreglum sem hún setur sér. Starfsreglurnar skulu vera aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

5.3. Útvarpsstjóri

Útvarpsstjóri er framkvæmdastjóri félagsins og skal hafa með höndum daglegan rekstur þess.

Við daglegan rekstur félagsins skal útvarpsstjóri hafa að leiðarljósi hlutverk og skyldur félagsins eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 23/2013.

Útvarpsstjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Útvarpsstjóri skal ætíð haga störfum sínum innan þeirra marka sem landslög og samþykktir félagsins setja honum, með hagsmuni félagsins og hluthafa þess að leiðarljósi og í samræmi við góða stjórnarhætti.

6.0. Reikningsár og endurskoðun.

Endurskoðandi félagsins skal kjörinn til eins árs í senn á aðalfundi sem haldinn skal fyrir lok janúarmánaðar ár hvert.

Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið. Á hverju reikningsári skal semja ársreikning og skal stjórnin hafa lokið gerð hans eigi síðar en fjórum vikum fyrir aðalfund. Reikningurinn skal þá afhentur endurskoðanda félagsins til endurskoðunar.

Endurskoðandi félagsins skal endurskoða ársreikning þess í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur, þ.m.t. að kanna bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og fjárhagsstöðu, gildandi landslög og í samræmi við þau atriði sem kveðið er á um hverju sinni í samningi félagsins og mennta- og menningarmálaráðherra um fjölmiðlun í almannabágu.

Á heimasíðu félagsins skal birta ársreikning þess, samstæðureikning og sex mánaða árshlutareikning.

7.0. Stjórnir dótturfélaga

Stjórn Ríkisútvarpsins tilnefnir í stjórnir dótturfélaga RÚV og setur þeim stofnskrár og samþykktir.

8.0 Samruni og slit.

Félaginu er óheimilt að sameinast öðru félagi.

Óheimilt er að slíta félaginu nema slík skylda verði leidd af landslögum.

9.0. Önnur ákvæði.

9.1. Heimild til að skuldbinda félagið

Undirskrift meirihluta stjórnarmanna skuldbindur félagið.

9.2. Prókúra

Stjórn félagsins veitir prókúruumboð.

9.3. Breytingar á samþykktum og birting

Samþykktum þessum má breyta á hluthafafundi eftir því sem landslög heimila, sbr. 93. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Samþykktir þessar skulu vera aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

9.4. Útvarpsþing

Árlega skal haldið opið útvarpsþing, þar sem t.d. er rætt um starfsemi Ríkisútvarpsins, hlutverk fjölmiðlaþjónustu í almannáþágu og hugmyndafræði þess.

9.5. Tengsl við landslög

Þegar ákvæði samþykktu þessara kveða ekki á um hvernig með skuli fara gilda ákvæði landslaga.

9.6. Upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjanda

Ætíð skal veita almenningi upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjanda um stjórnendastörf hjá Ríkisútvarpinu ohf. og dótturfélaga þess, þegar umsóknarfrestur er liðinn.

9.7. Millifyrirsagnir

Fyrirsagnir í samþykktum þessum teljast ekki hluti þeirra, heldur eru einungis settar inn til hægðarhauka.

Upphaflega samþykkt á stofnfundi félagsins þann 5. mars 2007, breytt á hluthafafundi þann 16. nóvember 2007, breytt á hluthafafundi 22. apríl 2009, breytt á hluthafafundi 30. júlí 2013, breytt á hluthafafundi 24. febrúar 2015 og breytt á aðalfundi 22. apríl 2020.